73
25. júní

KONUNGSBRÉF

um

þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hérmeð veita yður, sem Vorum forsætisráðherra Íslands umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Ritað í Reykjavík 25. júní 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.